

Upplýsingaóreiða RÚV um hlutfallslegan stöðugleika

Af hverju úthlutunarregla ESB trompar aldrei grunnregluna um jafnan aðgang

Kjarni málsins

Í íslenskri umræðu um hugsanlega inngöngu í Evrópusambandið (ESB) er reglunni um **hlutfallslegan stöðugleika** (*relative stability*) oft teft fram sem óhagganlegri tryggingu sem loki íslensku efnahagslögsögunni fyrir erlendum skipum. Opinber skjöl Evrópuþingsins og grunnreglur Evrópuréttarins sýna hins vegar fram á að þau rök eru lögfræðilegur loftkastali.

1 Grunnreglan: jafn aðgangur (*Equal Access*)

Í Speglinum á RÚV 16. og 17. júlí 2026 hefur borið á mikilli upplýsingaóreiðu um sjávarútvegsmálin þar leiðir haltur blindan. Samkvæmt sameiginlegri fiskveiðistefnu ESB (*Common Fisheries Policy, CFP*) er grunnreglan skýr og ótvíræð. Eins og staðfest er í opinberum gögnum Evrópuþingsins:

„As a general rule, all registered EU fishing vessels have equal access to waters and resources throughout the Union.“

Sérhvert skráð fiskiskip innan sambandsins hefur lögvarinn rétt á aðgangi að miðum og auðlindum allra aðildarríkja. Þær fáu undantekningar sem nú eru í gildi (t.d. innan 12 mílna landhelginna) eru **tímabundnar** og munu allar renna út í **árslok 2032**.¹

2 Hlutfallslegur stöðugleiki: magntæki en ekki aðgangsstýring

Reglan um hlutfallslegan stöðugleika breytir ekki meginreglunni um jafnan aðgang. Hér er um að ræða tvennt ólíkt:

- **Úthlutunarregla, ekki landamæri:** Reglan segir einungis til um það hvernig heildarafla (*TAC*) er skipt á milli aðildarríkja í **föstu prósentuhlutfalli** byggðu á sögulegri veiðireynslu.
- **Enginn réttur til lokunar:** Reglan veitir einstökum ríkjum *ekki* lagalegan rétt til þess að loka lögsögu sinni og banna erlendum ESB-skipum að veiða þar þau tonn sem þeim er úthlutað (eða sem þau kunna að eignast með kvótakaupum eða makaskiptum).
- **Pólitískt tæki í höndum ESB:** Hlutfallslegum stöðugleika er viðhaldið með reglugerðum en ekki varanlegum sáttmálaundanþágum. Sambandið getur breytt eða afnumið þessa reglu hvenær sem er með meirihlutaákvörðun á ráðherrafundum.
- **Evrópudómstóllinn:** Hefur síðasta orðið um túlkun Evrópuréttar. Íslendingar verða ofurseldir ákvörðunum dómstólsins um fjöregg þjóðarinnar í framtíðinni!²

¹Sjá nánar upplýsingablað Evrópuþingsins um fiskveiðistýringu ESB (apríl 2026): EU fisheries management.

²Sjá eitt helsta grundvallarmálið um árekstur landsréttar og fiskveiðistefnu ESB, mál dómstólsins nr. C-213/89 (*Factortame*), þar sem breskum lögum var ætlað að vernda innlendan kvóta gegn erlendra ásókn en var hrundið fyrir Evrópudómstólnum á grundvelli jafnræðisreglu Evrópuréttarins.

3 Samantekt

Að halda því fram að hlutfallslegur stöðugleiki virki sem „ósigrandi skjöldur“ sem trompi jafnan aðgang að íslenskri efnahagslögsögu er gróf rangfærsla. Evrópudómstóllinn hefur enn fremur staðfest að reglan um hlutfallslegan stöðugleika sé ekki algild ef hagsmunir líffræðilegrar verndar eða stjórnunar krefjast annars. Í máli nr. C-128/15 (*Spain v Council*) reyndu Spánverjar að hnekkja sameiningu tveggja ólíkra fiskistofna undir sama heildarafla (TAC) á grundvelli þess að sameiningin raskaði sögulegri kvótahlutdeild þeirra. Ekki varð Evrópudómstóllinn við þeirri kröfu.³ Evrópurétturinn virkar ekki í tómarúmi og raunveruleikinn við samningaborðið sýnir að ESB semur ekki um varanlegar undanþágur frá kjarnareglum innri markaðarins. Það er fráleitt að vísa til þess að þar sem ákveðin lagaákvæði innihalda ekki fortakslaust bann þá skapi það eitthvert svigrúm til samninga.⁴ Samkvæmt þeirri túlkun þyrfti 49. gr. TEU að innihalda eftirfarandi ákvæði: „Ísland getur aldrei fengið ótímabundnar undanþágur frá sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.“ Slíkt kæmi vitanlega aldrei til álita í lagatexta. En það, að slíku ákvæði er ekki til að dreifa merkir ekki að þar með sé allt opið í samningum og enn síður í raunveruleikanum! Lögfræðileg geimskip frá Brussel eru ekki á leiðinni.

³Sjá dóm Evrópudómstólsins í máli nr. C-128/15 (*Kingdom of Spain v Council of the European Union*), ECLI:EU:C:2017:3, þar sem dómstóllinn hafnaði kröfum Spánar og komst að þeirri niðurstöðu að Ráðinu sé játað víðtækt svigrúm til breytinga á úthlutun og beitingu hlutfallslegs stöðugleika ef vísindaleg ráðgjöf eða varúðarnálgun (*precautionary approach*) krefst nýrra stjórnunaraðferða.

⁴Það mátti skilja á viðmælanda Spegilsins að ekkert í 49. gr. TEU kæmi í veg fyrir varanlegar undanþágur, enda fjallar 49. gr. ekki um undanþágur heldur vísar til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir aðildarumsókn.